

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

að stöðubann verði við norðurkant Hamarshöfða,

að stöðubann verði við austur- og norðurkant Brávallagötu frá Hringbraut að Blómvallagötu,

að stöðubann verði við norðurkant Guðrúnartúns, þar sem ekki eru skipulögð bílastæði þvert á götuna,

að framan og vestan við inngang að Borgartúni 6, á hellulögðu svæði, verði bifreiðastöður bannaðar nema virka daga fyrir vörulosun klukkan 8.00 – 12.00 og fyrir ferðaþjónustu fatlaðra klukkan 13.00 – 17.00.

Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 16. júní 2015.*

**Sigríður Björk Guðjónsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 6. júlí 2015